

Rökstuðningur friðlýsingar:

Í 1. gr. Minjalaga kemur fram vilji löggjafans um hvað felst í minjavernd, en þar stendur: *Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.* Í 2. mgr. sömu greinar segir *Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.*

Víkurgarður er einn merkasti minjastaður Reykjavíkur og Íslands alls. Þar er jarðsett fólk sem lagði grunninn að höfuðstað Íslands og þar eru minjar um fyrstu kirkjur Reykvíkinga. Í kirkjuskrám Dómkirkjunnar á tímabilinu 1760-1838 eru skráð nöfn um 1700 einstaklinga, á öllum aldri, sem jarðsettir voru í garðinum. Áætla má að einhverjar þúsundir manna hafi verið jarðsettir í Víkurgarði þær aldir sem hann var í notkun.

Það er fátt sem minnir nú á að Víkurgarður er gamall kirkjustaður og að þar eru enn grafir fjölda Reykvíkinga. Staðurinn hefur margþætt gildi sem menningarminjar. Kirkjugarðurinn er ekki einungis minjastaður með fornleifum í samræmi við skilgreiningar a. liðar 3. gr. minjalaga heldur tengist hann einnig siðum og venjum sbr. f. lið sömu greinar. Staðurinn, kirkjugarðurinn og leifar af kirkjum sem hann geymir, hafa margþætt minjagildi. Andlegt og trúarlegt gildi fyrir þær kynslóðir sem sóttu þar guðsþjónustur og voru jarðsungnar þar. Menningarsögulegt gildi vegna þess að um er að ræða elstu kirkju og kirkjugarð Reykvíkinga. Hann hefur kirkjusögulegt og pólitískt gildi og er þjóðfélagslega mikilvægur vegna hlutverks síns. Auk þess að hafa mjög mikið minjagildi fyrir höfuðstaðinn og Ísland allt hefur Víkurgarður tilfinningalegt gildi fyrir fjölda Íslendinga. Víkurgarður er því að mati Minjastofnunar þjóðminjar í skilningi 2. gr. Minjalaga. Þjóðminjar teljast m.a. vera jarðfastar minjar sem eru einstakar og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Þjóðminjar skulu vera friðlýstar.

Undir hellulögðu yfirborði Víkurgarðs liggur saga rúmlega 1100 ára búsetu í Reykjavík. Ætla má að kirkja hafi risið á þessum stað fljótlega eftir kristnitöku en fyrstu rituðu heimildir um kirkju í Reykjavík eru í kirknatali Páls Jónssonar biskups frá því um 1200. Grafreitir var gerður við kirkjuna og mun hann hafa verið notaður að lágmarki um 600 ára skeið. Nokkuð hefur verið gengið á garðinn vegna gatna, lagna og bygginga sem að honum liggja. Síðasta kirkjan sem í garðinum stóð var rifin árið 1799 og var þá sléttað yfir grunninn. Líklegt er að undirstöður þeirrar kirkju og eldri kirkna sé að finna undir yfirborði. Víkurgarður þjónaði sem kirkjugarður Reykvíkinga fram til ársins 1838 er kirkjugarðurinn við Suðurgötu (Hólavallagarður) var tekinn í notkun. Eftir það var lítið grafið í garðinum en ætla má að jarðneskar leifar um 30 kynslóða Reykvíkinga hvíli þar. Árið 1883 fékk H.J.G. Schierbeck landlæknir umráð yfir kirkjugarðinum til að rækta þar aldingarð. Enn stendur eitt tré, silfurreynir, af þeim sem hann gróðursetti í garðinum sumarið 1884. Er það elsta, lifandi innflutta garðplantan í landinu og minnismerki um upphaf ræktunarmenningar. Núverandi yfirbragð garðsins er fremur fábrotið og fátt í umhverfinu minnir á fyrri tíðar sögu þessa elsta kirkjustæðis og kirkjugarðs Reykjavíkur.

Langt fram á 20. öld var garðinum haldið við sem kirkjugarði og síðar sknúðgarði. Upp úr 1970 þegar Reykjavíkurborg hafði tekið við umsjón kirkjugarðsins var hann smám saman rúinn flestu sem tengdi hann við upprunalegt hlutverk sitt. Garðurinn var þá hellulagður, flest minningarmörk og grindur utan um grafir fjarlægðar og minnir hann nú helst á torg. Í tengslum við byggingarframkvæmdir og þróun byggðar í miðbænum á undanförunum áratugum hefur verið þrengt mjög að kirkjugarðinum og hlutverk hans og saga er hulin flestum yngri borgarbúum. Á síðustu árum hefur orðið breyting á nýtingu garðsins, hann er orðinn að útisvæði fyrir veitingahús í nágrenninu og þar fer fram matsala úr vögnum sem ekið er inn í garðinn.

Með tillögu sinni að friðlýsingu Víkurgarðs vill Minjastofnun auk þess að staðfesta gildi Víkurgarðs sem þjóðminjar, vernda og afstýra frekari spjöllum á merkjum menningarminjuna og legstöðum innan garðsins og tryggja að framtíðarnýting hans og yfirbragð endurspegli helgi staðarins og gildi hans fyrir sögu Reykjavíkur. Þetta þýðir m.a. að sú kvöð fylgir friðlýsingunni að ekki megi ráðast í neinar framkvæmdir eða skipulagsaðgerðir á hinni friðlýstu eign nema í samráði við Minjastofnun og að fengnu sannanlegu samþykki stofnunarinnar.

Það er vilji Minjastofnunar að í kjölfar friðlýsingar verði miðlun um sögu staðarins bætt þannig að skilningur á gildi hans aukist og að þannig fái hann aukið fræðslugildi fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.